

# Umhverfið



Ef eyðimerkurnar stækka, frumskógarnir hverfa, næringarskortur færir í aukana og fólk býr við ómurlugar aðstæður í stórborgum, þá er ekki um að kenna skorti á fjármunum, heldur stefnu ráðamanna, þeirra sem hafa völdin. Sé réttinda og hagsmuna fólks ekki gætt blasir sú staðreynd við að aðeins fátæktin eigi sér framtíð í Afríku ... Aðeins frjálst fólk, fólk sem nýtur réttinda og er ábyrgir borgarar, getur þá stuðlað að þróun og verndun umhverfisins.“

Þátttakandi á WECD-fyrirspurnarþinginu, Nairóbí, 23. september 1986

## Tengd verkefni

- Borgirnar tvær, bls. 97.
  - Forsíða, bls. 109.
- Garður á einni nóttu, bls. 116.
  - Líf í fullkomnum heimi, bls. 156.
- Hvalveiðar Makah-ættbálksins, bls. 132.
- Framtíðarmöguleikar okkar, bls. 113.
  - Lífsvefurinn, bls. 162.

Ekki er hægt að greina umhverfismál – eyðimerkur, frumskóga eða útbreiðslu borga – frá fólki og mannréttindamálum, einkum þeim málum sem snúa að félagslegum réttindum og þróun. Þetta á ekki bara við í Afríku, heldur alls staðar, einnig í Evrópu. Tengsl manna og umhverfis eru gagnvirk: Allt mannlegt atferli hefur áhrif á umhverfið og umhverfið hefur áhrif á líf manna. Sem dæmi má nefna hin svokölluðu „gróðurhúsaáhrif“. Olíu-, kola- og bensínnotkun til eldsneytis um allan heim í 300 ár hefur haft veruleg áhrif á hitastigið í andrúmslofti jarðar. Hinir hörnulegu atburðir sem átt hafa sér stað vegna loftslagsbreytinga á undanförunum árum hafa áhrif á líf fólks um allan heim. En þjóðir ríkari landa norðursins, sem eiga mesta sök á losun koltvísýrings, eru betur í stakk búnar til að takast á við „náttúruhamfarir“ en þjóðirnar í þróunarlöndunum á suðurhveli jarðar. Þetta eru spurningar um réttlæti og þar með einnig um mannréttindi.

Önnur dæmi um tengsl milli umhverfisins og mannréttinda eru:

- þegar jarðsprengjum, sem ógna öryggi fólks, er komið fyrir á ræktuðu landi á stríðstímum;
- þegar fátækt fólk neyðist til að rækta korn á jaðarsvæðum, sem leiðir til eyðimerkurmyndunar og síðan enn meiri fátæktar;
- slysið sem varð í Baia Mare árið 2000 og olli blásýrumengun, fyrst í ánni Szamos, síðan í Tisza og loks í Dóná.

## Umhverfi okkar

Við notum umhverfið til að afla okkur hráefna og einnig sem ruslahaug fyrir úrgangsefni. Til að viðhalda lífi verður það jafnframt að veita okkur stöðugan lofthita, súrefni og hreint vatn. Við búum í afmörkuðum heimi þar sem allt er hvað öðru tengt, til dæmis um fæðukeðjuna og hringrás vatns og jarðvegs. Jörðin hefur tiltekið þanþol, og þegar þessar hringrásir verða fyrir alvarlegum áföllum, t.d. vegna mengunar, rangra búskaparháttar, áveituverkefna eða ofveiði, raskast eðlilegt jafnvægi hennar. Tsjernóbíl-slysið í Úkraínu, skógardauðinn í Svartaskógi

í Þýskalandi, eyðimerkurmyndun á Suður-Spáni, kúariða í Bretlandi, uppþornun Aralvatns í Úsbekistan og Illisu-stíflan í Tyrklandi, allt eru þetta dæmi um það hvernig mennirnir skaða umhverfi sitt, grundvöll allrar efnahagslegrar starfsemi og lífsins sjálfs, með framkvæmdagleði.



**Getur þú nefnt dæmi úr umhverfi þínu? Hvaða áhrif hafa t.d. vegaframkvæmdir, virkjanir eða aðrar framkvæmdir á umhverfið þar sem þú býrð?**

## Sjálfbær þróun

Í skýrslu Alþjóðanefndar Sameinuðu þjóðanna um umhverfis- og þróunarmál frá 1989, sem einnig kallast Brundtland-skýrslan, var fjallað um hugtakið „sjálfbæra þróun“ og þar var það skilgreint sem „þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta sínum þörfum“. Ríó-yfirlýsingin kom svo í kjölfarið árið 1992, en þar sagði: „Maðurinn er þungamiðja sjálfbærrar þróunar. Hann á rétt á heilbrigðu og skapandi lífi í sátt við náttúruna.“

Vandamálið er hvernig mannréttindamálum á borð við fátækt, hnattvæðingu og réttinn til þróunar skuli framfylgt án þess að umhverfið sem við lifum í beri skaða af.

Ein aðferðin er að gera alþjóðlega samninga um tiltekin mál. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar í Kýótó árið 1997 tóku iðnríkin til dæmis höndum saman um tilteknar skuldbindingar í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Miklar samningumræður fóru fram um undanþágur fyrir þróuð lönd og mikil gagnrýni kom fram varðandi bæði raunverulegan árangur og sanngirni lokaniðurstöðunnar.

Einnig má nálgast málið frá mannréttindasjónarmiði og það ætti að tryggja að allir samningar grundvölluðust á réttlæti og jöfnuði. Sumir halda því fram að núgildandi lög um mannréttindi séu umhverfinu nægileg trygging, svo sem eignarrétturinn og rétturinn til heilbrigðis og lífs. Aðrir ræða ýmsa möguleika á nýjum eða „væntanlegum“ umhverfisrétti.

Ein hugmyndin er sú að bæta skuli rétti umhverfisins á listann yfir mannréttindi. Til dæmis segir svo í drögum að yfirlýsingunni um meginreglur varðandi mannréttindi og umhverfi frá 1994: „Allir eiga rétt á öruggu og heilsusamlegu umhverfi sem er í vistfræðilegu jafnvægi. Þessi réttur og önnur mannréttindi, þar með talin borgaraleg, menningarleg, efnahagsleg, stjórnmálaleg og félagsleg réttindi, eru algild, gagnvirk og ódeilanleg.“

Sumir, einkum vistfræðingar, gagnrýna slíka kröfu um réttindi umhverfisins. Þeir óttast að verði líf manna og heilbrigði markmið umhverfisverndar verði umhverfið aðeins verndað í þeim tilgangi að standa vörð um velferð manna, eftir því sem þörf krefur. Þess í stað fara þeir fram á heildstæðari viðhorf. Þeir halda því fram að mennirnir séu hluti af lífshvolfinu (lífsvef jarðar) og skyldu þeirra gagnvart mannkyninu sé því ekki hægt að greina frá þeirri skyldu að vernda umhverfið. Í víðara samhengi verða mannréttindi að taka til eiginlegra gilda og þarfa komandi kynslóða jafnt sem hagsmuna ríkja og þjóða.

Sumir telja að aðrar tegundir lífvera eigi að njóta „réttinda dýra“ á sama hátt og mennirnir njóta mannréttinda. Dýr hafa ekki slík réttindi samkvæmt lögum. En þó njóta þau víða lagaverndar. Í flestum löndum Evrópu eru til dæmis lög sem kveða á um aðbúnað og aðstæður húsdýra.

## Náttúruhamfarir<sup>22</sup>

Hörmulegir atburðir	1996	2000
Fellibylir	62	99
Flóð	69	153
Þurrkar	9	46

Umhverfishreyfingin mun aðeins halda velli ef hún verður réttlætishreyfing. Sem hrein umhverfshreyfing mun hún annaðhvort lognast út af eða verða einhvers konar „yfirklor“ fyrirtækja. Því geta einlægir umhverfissinnar ekki unað. En möguleikar hennar eru óþrjótandi, bæði út frá vistfræðilegu sjónarmiði og sem réttlætishreyfing.

Vandana Shiva

## Vistfræðileg mannréttindi

Líta má á vistfræðileg mannréttindi sem viðbrögð við ástandi umhverfisins um allan heim. Slík réttindi eru tímanna tákn, alveg eins og borgaraleg og stjórnómáaleg réttindi komu fram í kjölfar sögulegra atburða fyrr á tímum.

Annað framfaraskref sem rætt er um sums staðar er hugmyndin um vistfræðileg mannréttindi. Þannig verði reynt að samþætta mannréttindahugsjónina vistfræðilegum lögmálum. Mannréttindi (svo sem mannvirðing, frelsi, eignarréttur og þróun) verða að taka tillit til þeirrar staðreyndar að einstaklingurinn lifir ekki aðeins í stjórnómáalegu og félagslegu umhverfi, heldur einnig í náttúrulegu umhverfi. Rétt eins og einstaklingnum ber að virða eiginleg gildi samferðamanna sinna, þá ber honum einnig að virða eiginleg gildi annarra lífvera (dýra, plantna og vistkerfa).

Eitt brýnasta verkefni kennara og æskulýðsstarfsmanna nú á dögum er að fræða fólk svo að það skilji hinar tvíþættu hugmyndir um virðingu fyrir öllum mönnum og eiginleg gildi lífsins og hvernig lífa skuli í samræmi við þau. Með öðrum orðum að „hugsa á heimsvísu og framkvæma heima“, og finna ný lífsviðhorf til framtíðar.

### Þátttaka ungs fólks og æskulýðssamtaka

Skólar, frjáls félagasamtök sem vinna að umhverfismálum og ýmsar stofnanir skapa ungmennum allra landa möguleika á að taka virkan þátt í umhverfismálum. Innan eigin sveitarfélags geta þau gert heimili sín, skóla og æskulýðsklúbba umhverfisvænni og þau geta átt hlutdeild að ákvörðunum sem þar eru teknar. Á lands- og svæðisvísu geta þau haft áhrif á opinbera umræðu og pólitísk mál, til dæmis með því að skrifa bréf, setja upp leikþætti og fara í (friðsamlegar) kröfugöngur til að vekja athygli á málefnum sem þeim er annt um. Á alþjóðavísu geta þau haft áhrif með yfirlýsingum á borð við hinn svokallaða Jarðarsáttmála (Earth Charter) og með þátttöku í alþjóðlegum baráttusamtökum, svo sem Greenpeace.

Hvar sem er geta ungmenni lagt sitt af mörkum með samskiptum á Netinu, í hvers kyns herferðum og hátíðarhöldum, svo sem í tengslum við alþjóðadag umhverfisins og dag jarðarinnar. Alþjóðadagur umhverfisins, 5. júní, var ákveðinn á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1972. Hægt er að fagna honum með ýmsu móti, svo sem með útifundum, hópferðum hjólréiðamanna, „grænum“ tónleikum, ritgerða- og veggspjaldakeppni í skólum, gróðursetningu, átaki í endurvinnslu og hreinsunardögum. Á hverju ári er lögð áhersla á tiltekið málefni. Dæmi um slík málefni eru „Í þágu lífs á jörðinni – björgum hafinu“, „Fátækt og umhverfismál – rjúfum vítahringinn“ og „Börn og umhverfi“ ([www.unep.org](http://www.unep.org)). Dagur jarðar, 22. apríl, er skipulagður af samstarfsneti um dag jarðar, sem er í samstarfi við önnur umhverfis- og mann-

## Goldman-umhverfisverðlaunin

Goldman-umhverfisverðlaunin eru mesta viðurkenning sem baráttufólk í grasrótarhreyfingum umhverfissinna getur hlotið.

Árið 2000 hlaut Oral Ataniyazova verðlaunin fyrir starf sitt í þágu samfélagshópa í Úsbekistan sem urðu illa úti vegna uppþornunar Aralvatns. Hún beitti sér fyrir menntun og heilbrigðis- og velferðarmálum og réttindum kvenna og barna.

Árið 2001 voru verðlaunin veitt þeim Myrsini Malakou og Giorgios Catsadorakis sem unnu að því að bjarga Prespa-votlendinu í norðvesturhluta Grikklands, en það var í mikilli hættu. Eitt af því sem þau komu til leiðar var undirritun samnings milli Albaníu, fyrrverandi júgóslavneska lýðveldisins Makedóníu og Grikklands um stofnun fyrsta verndaða svæðisins án landamæra á Balkanskaga, en það ber vitni um friðsamlegt samstarf þessara landa.

réttindasamtök, t.d. umhverfisverndarsamtökin Sierra Club og Amnesty International, um að hvetja til opinberra aðgerða með hátíðahöldum og herferðum gegn mannréttindabrotum og umhverfistjóni. [www.earthday.net/events/events-europe.stm](http://www.earthday.net/events/events-europe.stm)

## Starfsemi Evrópuráðsins

Evrópuráðið setti umhverfisáætlun sína á laggirnar árið 1961. Starf þess á þessu sviði beinist að því að vernda náttúruna og landslagið. Áætlunin er nú hluti af starfsemi menningar- og menningarminja- og náttúruminjadeild Evrópuráðsins. Þar eru sett fram þrjú stefnumál, þ.e.: áætlunin um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og fjölbreytni landslags í Evrópu, samningurinn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu (Bernarsamningurinn, 1979) og Vitundarvakning um líffræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags.

Upplýsingar um umhverfisvernd er að finna í útgáfuefni Evrópuráðsins. Samstarf stofnana ráðsins í ýmsum löndum miðar einnig að því að vernda líffræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags.

## Alþjóðlegir samningar og yfirlýsingar

Meðal margra gagnlegra milliríkjasamninga og annarra sáttmála sem varða bæði umhverfismál og mannréttindi eru:

1. Evrópusáttmálinn um umhverfis- og heilbrigðismál frá 1989.
2. Yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um umhverfis- og þróunarmál frá 1992.
3. Drög að yfirlýsingunni um meginreglur varðandi mannréttindi og umhverfi frá 1994.
4. Biskaífirlýsingin um umhverfisrétt frá 1999.
5. Jarðarsáttmálinn frá 2000.

## Heimildir

Boyle, A. Anderson, M.R., Human rights approaches to environmental protection: An overview, Clarendon Press, Oxford, 1996.

Bosselmann, K., Human rights and the environment: redefining fundamental principles, [www.arbld.unimelb.edu.au](http://www.arbld.unimelb.edu.au)  
Caring for the Earth, Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin (IUCN), Umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna (UNEP), umhverfissamtökin World Wide Fund for Nature (WWF-UK), [www.ciesin.org/IC/iucn/CaringDS.html](http://www.ciesin.org/IC/iucn/CaringDS.html)

Umhverfisáætlun Evrópuráðsins, [www.nature.coe.int](http://www.nature.coe.int)

Drög að yfirlýsingunni um meginreglur varðandi mannréttindi og umhverfi frá 1994, [www.umn.edu/humanrts/instree/1944-dec.htm](http://www.umn.edu/humanrts/instree/1944-dec.htm)

Jarðarsáttmálinn, [www.earthcharter.org](http://www.earthcharter.org)

Worldwatch, [www.worldwatch.org](http://www.worldwatch.org)

## Lykildagsetningar

5. júní

Alþjóðadagur umhverfisins

22. apríl

Dagur jarðar

„Heiminum verður aðeins bjargað með hjartahlýju og hugarafli mannsins, mildi hans og ábyrgðartilfinningu. Við erum enn á valdi þeirrar skadlegu og tilgangslausu hugsunar að maðurinn sé kóróna sköpunarverksins, en ekki aðeins hluti af því, og þess vegna sé honum allt leyfilegt. Við vitum ekki enn hvernig setja má siðferði og siðgæði í forgang, fram yfir stjórnsmál, visindi og efnahagsmál. Við erum enn ófær um að skilja að hin eina rétta undirstaða allra mannglegra athafna – eigi þær að vera siðferðislegar – er ábyrgð. Ábyrgð er öllu æðri, fjölskyldu minni, landi mínu, fyrirtæki mínu, velgengni minni. Ábyrgð gagnvart almættinu, og einungis þar og hvergi annars staðar, verður maðurinn réttlátlega dæmdur.“

Vaclav Havel